

tel það sjálfsagt. En er það þá ekki ljótt — miklu ljótara — að vilja ekki heyra, þegar guð, himneski faðirinn, talar til okkar? Vissulega! Svo ljótur ætti enginn að vera.

Nú talar hann við ykkur í orði sínu. Þá vill hann að þið hlustið og takið eftir því, sem hann segir við ykkur. Hann vill ekki, að þið séuð eins og drengurinn, sem á var minnst. Og þið verðið að munna það, að líkjast honum ekki.

Þið heyrðuð pistil dagsins lesinn. Tókuð þið eftir því, að minst er á *sáning* og *uppskeru*? Já, það er minst á þetta, því við heyrðum, að sagt er: *Pað, sem maðurinn sáir, bað mun hann uppskeru*.

Hvað vill nú drottinn tala við ykkur um með þessu? Hann vill einmitt fá að tala við ykkur um *sáning* og *uppskeru*. Hann segir við ykkur: Ef *sáningin* er vond, þá verður uppskeran vond. Munið eftir því að láta *sáninguna* vera góða; þá verður uppskeran líka góð.

Viljið þið nú taka eftir þessu og hugsa um það?

Þið vitið, hvað *sáning* er—þetta, sem gert er á vorin, þegar sáð er í akrana lveiti og höfrum og byggi og öðru þesskonar, og í garðana ýmsu maturta-fræi. Og þið vitið, hvað uppskera er—þetta, sem gert er seinna part sumars og á haustin, þegar öllu því er safnað saman, sem sáð var til, eftir að það hefur fengið fullan þroska. Og þið vitið, að öllum þykir svo undur vænt um að fá góða uppskeru.

En góð uppskera fæst ekki nema útsæði eða fræ sé gott og vel sé hirt um akra og garða. Það er ekki nóg að vilja fá góða uppskeru og vilja fá að gleðjast út af henni. Það verður að gera alt, sem unt er, til þess að góð uppskera fáið. Að vísu gefur guð góða veðrið, og *hann* gefur góða uppskeru. En hann vill, að mennirnir geri samt alt, sem í valdi þeirra stendur. Og lætur þá reyna, að ef þeir gera það ekki, þá hafa þeir ilt af því.

Þetta var nú um *sáning* og *uppskeru* í náttúrunni. En það er ekki um það, sem hann aðallega vill tala við ykkur, þegar hann segir: „*Pað, sem maðurinn sáir, bað mun hann uppskera.*“ Með þessari *sáning* og *uppskeru*, sem við höfum talað um, minnir hann á annarskonar *sáning* og *uppskeru*. Hvað